

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 19. apríl 1991

um breytingu á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í fóðri

(91/249/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að innihald viðaukans við hana skulu taka stöðugum breytingum til samræmis við vísinda- og tækniþróun.

Ný notkun snefilefnisins „járnsúlfat mónóhýdrat“ hefur verið prófað með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Á grundvelli fenginnar reynslu virðist ljóst að hægt sé að heimila notkun þess í gervöllu bandalaginu.

Ef of miklu af A-vítamíni er bætt í fóður getur það haft óæskileg áhrif á framleiðsludýr. Með þetta í huga virðist nauðsynlegt, meðan beðið er eftir niðurstöðum tiltekinnar rannsóknar, að ákveða hámarksmagn til að tryggja viðhald og framleiðni dýra á lokatímabilinu.

Notkun hinna ýmsu aukefna sem tilheyra flokki sýklalyfja og bindiefna hefur verið prófuð með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Viðeigandi er að heimila tímabundna notkun innanlands þar til notkun þeirra verður heimiluð í öllu bandalaginu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE og koma fram í viðaukanum hér á eftir:

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. eigi síðar en 30. nóvember 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal í þeim vera tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. apríl 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIDAUKI

1. Í I. viðauka:

a) „Atriði E 672. 1 A-vítamín“ í H-hluta „vítamín, próvítamín og erfðafraeðilega vel skilgreind efni sem hafa svipuð áhrif“falli brott og í stað þess komi eftirfarandi:

EBE-nr.	Aukeyni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Hámarks- magn í ae/kg af heilfóðri eða af dagsskammti	Önnur ákvæði
„E672	1. A-vítamín	—	Holdakjúklingar Aliendur Alikalkúnar Alilömb Alisvín Holdanaut Kálfar Aðrar dýrategundir eða -flokkar	— — — — — — — —	13 500 13 500 13 500 13 500 13 500 13 500 25 000 —	<p>} Allt fóður nema fóður handa ungvíði</p> <p>Aðeins gervimjólk</p> <p>Allt fóður“</p>

b) Í I-hluta „Snefilefni“ í lið E 1 „Járn“ komi orðalagið í dálknum „Önnur ákvæði“ fyrir aukefnið járn-(II)-súlfat mónóhýdrat komi eftirfarandi:

EBE-nr.	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla	Hámarks magn í mg/kg af heilfóðri	Önnur ákvæði
					<p>„Heimilt:</p> <p>i) í eðlisbreyttu undanrennufti og í fôðurlöndum framleiddum úr eðlisbreyttu undanrennufti:</p> <ul style="list-style-type: none"> — háð lagaákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 368/77/EBE og nr. 443/77/EBE — yfirlýsing um viðbætt járn-magn, gefið upp sem frum-efni, á merkimiða, umbúðum eða fláti utan um eðlisbreytt undanrennuft <p>ii) í öðrum fôðurlöndum en þeim sem skráðar eru í i-lið“</p>

2. Í II. viðauka:

a) í A-hluta „Sýklalyf“ bætast eftirtalin atriði við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði	Leyfis- tími
					ppm alhliða fódurs			
29	Efrótamýsín	C ₅₉ H ₈₈ N ₂ O ₂₀	Mjólkurgrísir Grísir	4 mánuðir 6 mánuðir	4	8	—	30.11.1991
					4	6	—	30.11.1991

b) Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnarefni og storknunarefni“ bætast eftirtalin atriði við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					ppm alhliða fódurs			
1	Nýmyndað kalsíumál	Kalsíumálblanda með milli 35 og 51 % A 1203. Hámarksinnihald mólýbden er 20 mg/kg	Alifuglar, kanínur og svín	—	—	20 000	Allt fóður	30.11.1991